

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 8. júní 2022

Tilvísun ríkissaksóknara: 202205-0209

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), 518. mál.

Ríkissaksóknari er að meginstefnu til sammála þeim breytingum á lögum um meðferð sakamála sem lagðar eru til í frumvarpinu. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Ríkissaksóknari telur að með því að heimila réttargæslumanni að leggja spurningar fyrir þá sem gefa skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða annað en einkaréttarkröfu brotþola sé búið að raska þeirri grundvallarreglu sakamálaréttarfars að sönnunarbyrðin um sekt ákærða hvíli á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, auk þess sem þessi háttur skapar ójafnræði gagnvart sakborningi sem þarf þá raun að verjast tveimur málsaðilum í dómsalnum.

Ríkissaksóknari telur því að ákvæði 46. gr. laga nr. 88/2008 eigi að standa óbreytt en að **fella beri út 2. mgr. 7. gr.** frumvarpsins sem hljóðar svo:

„Réttargæslumanni er heimilt að leggja stuttar og gagnorðar spurningar fyrir þá sem gefa skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða annað en einkaréttarkröfur skjólstaðings hans og skýrslugjafi hefur ekki verið spurður um áður fyrir dómi.“

Af þessu leiðir að **einnig þarf að fella út 12. gr.** frumvarpsins sem hljóðar svo:

„3. másl. 2. mgr. 122. gr. laganna orðast svo: Skal jafnframt gefa réttargæslumanni kost á að leggja spurningar fyrir vitnið, sbr. 4. og 5. mgr. 46. gr.“

Þá gerir ríkissaksóknari þann fyrirvara hvað varðar meðferð einkaréttarkrafna brotþola sem vísað hefur verið frá héraðsdómi vegna sýknu ákærða af sakargiftum skv. ákæru, að réttarfarsnefnd skoði þann möguleika að héraðsdómarar taki bótakröfurnar til efnismeðferðar þrátt fyrir sýknu af sakargiftum. Niðurstaðan hvað bótakröftinn varðar helst ekki alltaf í hendur við niðurstöðu um sýknu sakbornings enda sönnunarkröfur ekki þær sömu þegar kemur að meðferð einkaréttarkrafna þó ætla megi að í fleiri en færri tilvikum yrði niðurstaðan sú að sýkna einnig af einkaréttarkröfum. Ef þessi leið er farin fengju bótakröfur brotþola ávallt efnismeðferð á áfrýjunarstigi við meðferð sakamálsins sem er mun einfaldari og skilvirkari málsmeðferð sem tryggir einnig aðild brotþolans, og þar með réttargæslumanns hans, að sakamálinu á áfrýjunarstigi, auk þess sem brotþolin þarf þá ekki að höfða einkamál vegna sinna krafna líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og eins og staðan er í dag.

Þá telur ríkissaksóknari nauðsynlegt að samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu setji ráðherra reglur/reglugerð um hlutverk og skyldur réttargæslumanna.

f. h. Sigríðar J. Friðjónsdóttur
ríkissaksóknara


Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir
saksóknari

Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)